158. löggjafarþing 2026–2027.
Þingskjal 314 — 281. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um fjarskipti, lögum um Fjarskiptastofu og lögum um fjölmiðla (aðgerðir gegn svikastarfsemi, EES-reglur o.fl.).

Frá innviðaráðherra.

I. KAFLI
Breyting á lögum um fjarskipti, nr. 70/2022.

1. gr.

Við 3. mgr. 1. gr. laganna bætist: nema að því marki sem lögin mæla sérstaklega fyrir um.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 15. gr. laganna:

a. Orðið „eða“ í c-lið fellur brott.
b. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: tryggja tíðniafnot íslenska ríkisins í þágu almannahagsmuna og þjóðaröryggis.

3. gr.

Við 29. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Stjórnvöld sem hafa með höndum lögbundin verkefni sem lúta að löggæslu, almannavörnum eða þjóðaröryggi hafa heimild til þess, þegar brýnir hagsmunir eru í húfi, að nota búnað sem truflar fjarskipti, útilokar eða yfirtekur merkjasendingar í þeim tilgangi að koma í veg fyrir skaðleg áhrif af völdum ómannaðra loftfara eða annars búnaðar sem ógnað getur lífi og heilsu almennings, umhverfi, eignum, þjóðaröryggi eða almannahagsmunum að öðru leyti. Stjórnvöldum sem beita úrræði samkvæmt ákvæði þessu ber að tilkynna um það til Fjarskiptastofu.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 80. gr. laganna:

a. Við 1. málsl. 3. mgr. bætist: þ.m.t. um öryggisbrest við vinnslu persónuupplýsinga.
b. Við 3. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ef líklegt er að öryggisbrestur hafi skaðleg áhrif á vernd persónuupplýsinga eða einkalíf einstaklings skal veitandi almennrar fjarskiptaþjónustu einnig upplýsa viðkomandi um það án tafar. Ekki er þó nauðsynlegt að upplýsa viðkomandi um öryggisbrest við vinnslu persónuupplýsinga ef gripið hefur verið til fullnægjandi úrbóta að mati Fjarskiptastofu.
c. 6. mgr. orðast svo:

    Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli í reglugerð um tilkynningar samkvæmt þessari grein, m.a. um nánari útfærslu og framkvæmd.

d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Tilkynningar vegna öryggisatvika og rofs á fjarskiptaleynd.*

5. gr.

Við 81. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli í reglugerð um upplýsingagjöf samkvæmt þessari grein.

6. gr.

Við 82. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Netöryggissveit er heimilt að viðhalda rafrænum lista yfir lén sem grunur leikur á að séu notuð í svikastarfsemi. Fjarskiptafyrirtæki sem rekur netaðgangsþjónustu er heimilt að sækja sjálfvirkt upplýsingar úr lista netöryggissveitarinnar og framkvæma reglubundna sjálfvirka landslokun á lénum í nafnaþjónustu í þeim tilgangi að koma í veg fyrir svik. Netöryggissveitin skal setja sér verklagsreglur um framkvæmdina að öðru leyti en kveðið er á um í þessu ákvæði, þar á meðal um skilyrði fyrir skráningu léns á listann og um rétt til að krefjast afskráningar léns af listanum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 88. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þó er fjarskiptafyrirtækjum heimilt að skima efni tölvupósta og SMS, vélrænt án mannlegrar íhlutunar til að verja heildstæði fjarskiptaneta og fyrirbyggja svik í fjarskiptum, enda sé gerður áskilnaður um slíka vinnsluaðgerð í viðskiptasamningi við endanotendur.
b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

   Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd fjarskiptafyrirtækja á skimun fjarskiptaumferðar skv. 1. mgr., m.a. um aðferðafræði, tæknilega eiginleika, kröfur til búnaðar og stillingar hans, tilkynningarskyldu fjarskiptafyrirtækja um atvik og heimildir Fjarskiptastofu til að krefjast aðgerða og úrbóta.

8. gr.

2. málsl. 1. mgr. 93. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

Í stað 1. málsl. 99. gr. laganna koma fjórir nýir málsliðir, svohljóðandi: Fjarskiptafyrirtæki sem reka farnet eða veita farnetsþjónustu skulu að beiðni almannavarna, eða annarra þar til bærra opinberra viðbragðsaðila, senda viðvaranir um yfirvofandi eða yfirstandandi neyðarástand í farsíma eða annan nettengdan búnað sem tengdur er farneti viðkomandi fjarskiptafyrirtækis án sérstaks endurgjalds af hálfu beiðanda vegna sendinga innan fjarskiptanets fjarskiptafyrirtækisins. Heimilt er að krefja viðkomandi viðbragðsaðila um endurgjald sem svarar til útlagðs kostnaðar fjarskiptafyrirtækis vegna lúkningar- og reikigjalda á sendingum sem enda í fjarskiptaneti annars fjarskiptafyrirtækis. Viðbragðsaðilar skulu leggja viðkomandi fjarskiptafyrirtækjum til búnað til móttöku á neyðarskilaboðum sem þau geta tengt við til áframsendinga um eigið fjarskiptanet. Komi til ágreinings um skiptingu kostnaðar sem tengist sendingum neyðarboða getur hvor aðila um sig vísað ágreiningi til Fjarskiptastofu til úrlausnar.

10. gr.

Á eftir 100. gr. laganna kemur ný grein, 100. gr. a, ásamt fyrirsögn, sem orðast svo:

Sérstök þagnarskylda vegna varaleiða fjarskipta.

Upplýsingar um varaleiðir fjarskipta, þar á meðal samninga við erlend ríki, innlenda og erlenda birgja, tæknilega högun o.fl. sem nýta á í þágu ríkisins með vísan til þjóðaröryggis og allsherjarreglu á hættutímum og í neyðartilvikum, skulu bundnar sérstakri þagnarskyldu og eru undanþegnar upplýsingarétti almennings samkvæmt upplýsingalögum og öðrum lögum.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari fyrirmæli um hvaða gögn falla undir þagnarskyldu skv. 1. mgr.

11. gr.

Orðin „sektir og“ í 1. mgr. 102. gr. laganna falla brott.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 103. gr. laganna:

a. Orðið „eða“ í lok r-liðar 1. mgr. fellur brott.
b. Við 1. mgr. bætast tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:
   t. skyldu til að afhenda Fjarskiptastofu réttar, fullnægjandi og uppfærðar upplýsingar til skráningar í gagnagrunn almennra fjarskiptaneta og til gerðar útbreiðsluspár skv. 10. gr. laga um Fjarskiptastofu, nr. 75/2021,
   u. banni við að senda eða hringja óumbeðin fjarskipti í þágu beinnar markaðssetningar án heimildar skv. 94. gr.
c. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

   Fjarskiptastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fjarskiptafyrirtæki eða lögaðila sem brjóta gegn eftirtöldum ákvæðum laga um fjölmiðla, nr. 38/2011:

   a. um flutningsskyldu og flutningsrétt skv. 44. og 45. gr. laganna sem Fjarskiptastofa hefur úrskurðað um,
   b. gerð samnings um kaup á sjónvarpsefni sem brýtur gegn 4. mgr. 45. gr. laganna,
   c. bannákvæði 5. mgr. 45. gr. laganna um að fjölmiðlaveita beini viðskiptum viðskiptamanna að tengdu fjarskiptafyrirtæki,
   d. reglum um málsmeðferð og framkvæmd flutningsreglna skv. 46. gr. laganna,

13. gr.

Við 108. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að innleiða með reglugerð reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 611/2013 frá 24. júní 2013 um ráðstafanir sem gilda um tilkynningar um brot er varða persónuupplýsingar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2016 frá 8. júlí 2016, um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn.

14. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Við úthlutun eða endurnýjun tilgreindra tíðniréttinda fram til 31. desember 2029 skal taka eftirfarandi gjöld:

a. 4.000.000 kr. fyrir hvert úthlutað MHz af tíðnisviði á 885–890/930–935 MHz.

b. 4.000.000 kr. fyrir hvert úthlutað MHz af tíðnisviði á 900–905/945–950 MHz.
c. 400.000 kr. fyrir hvert úthlutað MHz af tíðnisviði á 1427–1518 MHz.
d. 400.000 kr. fyrir hvert úthlutað MHz af tíðnisviði á 2300–2400 MHz.
e. 400.000 kr. fyrir hvert úthlutað MHz af tíðnisviði á 2560–2570/2680–2690 MHz.
f. 400.000 kr. fyrir hvert úthlutað MHz af tíðnisviði á 2570–2620 MHz.
g. 400.000 kr. fyrir hvert úthlutað MHz af tíðnisviði á 3400–3500 MHz.
h. 20.000 kr. fyrir hvert úthlutað MHz af tíðnisviði á 24,25–27,5 GHz.
i. 20.000 kr. fyrir hvert úthlutað MHz af tíðnisviði á 40,5–43,5 GHz.

Gjaldið miðast við að tíðniréttindin séu gefin út til 20 ára. Sé tíðniréttindum úthlutað til skemmri tíma skal greiða hlutfallslega í samræmi við það. Ef sama tíðnisviði er úthlutað til fleiri en eins aðila með staðbundinni skiptingu skal greiða hlutfallslega miðað við fjölda rétthafa. Gjaldið greiðist í ríkissjóð.

Verði tíðniréttindum úthlutað til opinberra aðila eða fyrirtækja í eigu ríkisins, til notkunar í neyðar- og öryggisfjarskiptanetum, skal taka gjald skv. 1. mgr.

Ákveði ráðherra að úthlutun tíðniréttinda fari fram með uppboði skv. 7. mgr. 17. gr. skal sú fjárhæð sem tilgreind er í 1. mgr. fyrir viðkomandi tíðnisvið vera lágmarksboð.

II. KAFLI
Breyting á lögum um Fjarskiptastofu, nr. 75/2021.

15. gr.

5. mgr. 20. gr. laganna orðast svo:

Úrskurðarnefnd kveður á um fjárhæð og skiptingu málskostnaðar í úrskurðarorðum sínum. Tapist mál í grundvallaratriðum skal sá málsaðili sem tapar greiða málskostnað. Það sama gildir um frávísun á kröfu kæranda. Til málskostnaðar getur talist kostnaður nefndarinnar sem verður til við kærumeðferð viðkomandi máls hjá nefndinni, þar á meðal kostnaður vegna þóknunar nefndarmanna, reksturs málsins fyrir nefndinni, starfsaðstöðu, sérfræðiaðstoðar og gagnaöflunar að teknu tilliti til málskotsgjalds. Málsaðilar bera hver um sig þann kostnað sem þeir kunna sjálfir að hafa af rekstri málsins. Neytendum, Fjarskiptastofu eða Byggðastofnun skal ekki gert að greiða málskostnað samkvæmt ákvæði þessu og fellur málskostnaður þá á ríkissjóð. Einnig er heimilt að fella málskostnað á ríkissjóð ef sá aðili sem tapar máli er óhagnaðardrifinn málsvari viðkvæmra þjóðfélagshópa, enda njóti málsvarinn aðildarhæfis og kæra er ekki tilhæfulaus af hans hálfu. Hið sama gildir ef um er að ræða samfélagslega mikilvæg mál. Kröfur um málskostnað samkvæmt úrskurði úrskurðarnefndar eru aðfararhæfar.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 22. gr. laganna:

a. Í stað „25.100 kr.“ í a- og b-lið 3. tölul. kemur: 75.000 kr.
b. Í stað „25.650 kr.“ í c-lið 5. tölul. kemur: 2.565 kr.

III. KAFLI
Breyting á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011.

17. gr.

3. mgr. 54. gr. laganna orðast svo:

Um stjórnvaldssektir vegna brota á ákvæðum VII. kafla fer samkvæmt lögum um fjarskipti.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skal 7. gr. ekki öðlast gildi fyrr en 1. apríl 2027.

G r e i n a r g e r ð .

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í innviðaráðuneytinu í samvinnu við Fjarskiptastofu og CERT-IS. Frumvarp þetta var lagt fram á 157. löggjafarþingi en náði þá ekki fram að ganga. Það er nú lagt fram að nýju með nokkrum breytingum. Helstu breytingar eru þrjár, auk lagfæringa sem að mestu má rekja til innsendra umsagna til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis. Í fyrsta lagi hefur ákvæði um fjarskiptasæstrengi verið fellt brott. Ákveðið var að hafa frekara og ítarlegra samráð um það málefni og taka jafnframt til skoðunar hvort samráðið ætti að ná til fleiri tegunda neðansjávarlagna. Sú vinna kann að leiða til þess að síðar verði lagt fram sérstakt frumvarp um málefnið. Í öðru lagi hefur ákvæði um skimun smáskilaboða, sem var í upphaflegri gerð frumvarpsins þegar það var birt til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda (mál nr. S-182/2025), verið tekið upp að nýju. Það kemur í stað ákvæðis um skimun smáskilaboða og tölvupósta sem var í frumvarpinu er það var lagt fram á 157. löggjafarþingi, sbr. þskj. 560, 363. mál. Sú breyting er í samræmi við sjónarmið sem fram komu í umsögnum sérfróðra aðila til umhverfis- og samgöngunefndar við þinglega meðferð málsins. Í þriðja lagi var hætt við að innleiða með þessu frumvarpi framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/444 frá 16. desember 2022 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 með ráðstöfunum til að tryggja skilvirkan aðgang að neyðarþjónustu með neyðarsamskiptum við samevrópska neyðarnúmerið 112, vegna óvissu um ábyrgð, kostnaðarmat og fjármögnun. Að öðru leyti hafa verið gerðar lítils háttar breytingar á frumvarpinu til samræmis við framangreint.

Sameiginleg evrópsk löggjöf um fjarskipti og tengd löggjöf um stafræn mál eru yfirgripsmiklir lagabálkar sem taka til bæði tæknilegra þátta er varða aðföng til að byggja upp fjarskiptainnviði og hafa að geyma efnisleg ákvæði sem hægt er að flokka eftir ólíkum réttarsviðum, svo sem samkeppni, neytendavernd og persónuupplýsingarétt.

Í ljósi þess hve löggjöfin er víðfeðm og varðar málefnasvið sem er í stöðugri tæknilegri framþróun sem hefur áhrif á vöruframboð og þjónustustig er löggjöfin í sífelldri mótun og endurskoðun. Ekki er óalgengt að bregðast þurfi við einstökum tækninýjungum eða breyttum þjónustuþörfum notenda. Því má gera ráð fyrir frekari breytingum á íslenskum lögum um fjarskipti á næstu árum og að þær verði reglulegar. Til að mynda var eldri lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, breytt rúmlega tuttugu sinnum á þeim tæpu tuttugu árum sem þau voru í gildi.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá desember 2024 kemur fram að ein af aðgerðum ríkisstjórnarinnar sé að tekið verði fast á skipulagðri brotastarfsemi, netbrotum o.fl.

Á undanförnum árum hefur borið talsvert á svonefndum svikaherferðum með notkun á svikavefsíðum, svikapóstum og sviksamlegum smáskilaboðum (SMS) til einstaklinga og fyrirtækja sem hafa orðið fyrir verulegu fjárhagslegu tjóni. Um er að ræða fjársvik í formi netglæpa sem er liður í starfsemi skipulagðra brotasamtaka eins og hún er skilgreind í 2. mgr. 175. gr. a almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 5. gr. laga nr. 149/2009. Yfirleitt á starfsemi þessi uppruna sinn erlendis. Þessi mál eru ekki einkamál þeirra sem verða fyrir barðinu á svikastarfsemi heldur er um samfélagslegt vandamál að ræða. Brýnt þykir að bregðast við og nýta þá tækniþróun sem er til staðar og takmarka árásir á einstaklinga og fyrirtæki eins og kostur er án inngrips inn í líf fólks eða söfnunar persónuupplýsinga. Þá geta svikapóstar og svika-SMS einnig ógnað heildstæði fjarskiptaneta þótt markmiðið sé ekki að svíkja fé út úr almenningi eða fyrirtækjum.

Frumvarp þetta hefur einnig að geyma tilteknar lagfæringar á gildandi lögum um fjarskipti, nr. 70/2022. Þeim er ætlað að einfalda regluverkið, auka skýrleika viðkomandi lagaákvæða og bæta úr lagatæknilegum frágangi eftir því sem við á. Einnig er að finna efnisbreytingar sem fela í sér nýmæli um afmarkaða þætti svo sem heimild til handa yfirvöldum til að grípa inn í óleyfilegt flug ómannaðra loftfara eða trufla önnur rafmagnstæki sem byggja á tíðnisviði. Þessi nýmæli eiga það sameiginlegt að eiga ekki beina skírskotun til evrópska fjarskiptaregluverksins, heldur þjóna sérstökum landsbundnum þörfum fyrir lagasetningu. Að öðru leyti er tilgangur frumvarpsins að óska eftir heimild til að innleiða reglugerð Evrópusambandsins. Um er að ræða reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 611/2013 um ráðstafanir sem gilda um tilkynningar um brot er varða persónuupplýsingar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB um friðhelgi einkalífsins og rafræn samskipti.

Með frumvarpinu eru einnig lagðar til tilteknar breytingar á lögum um Fjarskiptastofu, nr. 75/2021, og lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Eins og fram kemur í 1. kafla er málefnasviðið í stöðugri tæknilegri framþróun sem gerir þá kröfu á stjórnvöld að bregðast við aðstæðum sem koma upp hverju sinni í samfélaginu og endurskoða löggjöf eftir því sem tilefni er til. Megintilefni og nýmæli þessa frumvarps er í raun þríþætt. Í fyrsta lagi að heimila viðbragðsaðilum að nýta búnað sem truflar fjarskipti og útilokar eða yfirtekur merkjasendingar í þeim tilgangi að koma í veg fyrir skaðleg áhrif af völdum ómannaðra loftfara eða annars búnaðar sem ógnað getur lífi og heilsu almennings, umhverfi og eignum. Í öðru lagi að heimila fjarskiptafyrirtækjum með lögum að skima tölvupósta og SMS-þjónustu og veita netöryggissveit heimild til starfrækslu sjálfvirks lokunarlista sem fjarskiptafélögum verði heimilt að nýta til framangreindrar skimunar og til að loka á aðgang að svikavefsíðum. Í þriðja lagi að heimila gjaldtöku fyrir úthlutun og afnot af fjarskiptatíðnum eða svo kölluð auðlindagjöld. Aðrar efnisbreytingar í frumvarpinu eru þær að lagt er til að ráðherra verði heimilt að innleiða reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 611/2013 um ráðstafanir sem gilda um tilkynningar um brot er varða persónuupplýsingar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB um friðhelgi einkalífsins og rafræn viðskipti. Þá er einnig lagt til að tryggja öryggi mikilvægra upplýsinga ríkisins með nýju þagnarskylduákvæði sem nær til varaleiðar fjarskipta. Auk þess er að finna nokkrar minni háttar orðalagsbreytingar á ákvæðum laga um fjarskipti, t.d. í þeim tilgangi að eyða óskýrleika í lagatexta og gera lagatæknilegar umbætur að því er varðar framsetningu sektarheimilda. Tvær breytingar eru tilkomnar vegna niðurstöðu í dóms- og kærumálum er lúta að túlkun og beitingu laga um fjarskipti, laga um Fjarskiptastofu og laga um fjölmiðla.

Markmið frumvarpsins er að auka net- og fjarskiptaöryggi hér á landi, gera lög um fjarskipti skýrari og tryggja heimildir til töku auðlindagjalds fyrir afnot af fjarskiptatíðnum.

Lagt er til að reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins verði innleidd með svokallaðri tilvísunaraðferð. Það er algeng leið við innleiðingu Evrópugerða sem varða fjarskipti og kemur í veg fyrir að frekari skyldur séu settar á við innleiðingu en nauðsyn ber til.

3. Meginefni frumvarpsins.

3.1. Viðbrögð við mikilli aukningu netsvika - skimun á tölvupósti og smáskilaboðum og landslokun léna.

Undanfarin ár hefur farið vaxandi að fjarskiptatækni sé notuð til að svíkja fé út úr einstaklingum og fyrirtækjum. Dæmi eru um að SMS séu látin líta út fyrir að koma frá viðskiptabanka eða Íslandspósti ohf. og í þeim skilaboðum sé að finna hlekk sem leiðir notandann áfram

til að deila fjárhagsupplýsingum sem síðan eru misnotaðar. Fjárhagslegt tjón af þessum völdum hleypur á hundruð milljóna króna á hverju ári. Þá eru dæmi þess að slíkir skilaboðahlekkir séu notaðir til að virkja netóværu sem geta ógnað heildstæði fjarskiptaneta, t.d. að þau séu gerð óvirk til lengri eða skemmri tíma.

Í dag bjóða fjarskiptafyrirtæki viðskiptavinum sínum að skanna tölvupósta vélrænt. Ekki er til staðar lagaheimild fyrir þeirri þjónustu heldur er um að ræða heimild í reglum um IP-fjarskiptaumferð. Þessar reglur voru settar áður en farið var að senda svikapósta og eingöngu var verið að skima fyrir veirum. Um er að ræða valkvæða þjónustu sem viðskiptavinir samþykkja þegar þeir stofna netfang hjá fjarskiptafyrirtækjum. Með þessu verja fjarskiptafyrirtækin einnig búnað sinn. Þegar tölvupósturinn fer í gegnum eldvegg hjá fjarskiptafyrirtækinu er hann skannaður og eftir atvikum eytt eða lendir í ruslpósti hjá endanotanda. Mannshöndin kemur þarna hvergi nærri og efni póstsins er ekki geymt hjá fjarskiptafyrirtækinu og hvorki skoðað né lesið af manneskju.

Með lagabreytingunni sem lögð er til með frumvarpinu er verið að festa heimild þessa í lög fyrir tölvupóst og SMS-þjónustu í síma. Þannig er hægt að takmarka svik upp að vissu marki án þess að fórna persónuvernd viðskiptavina eða frelsi einstaklingsins. Þannig verður fjarskiptafyrirtækjum heimilt að veita þessa þjónustu en ekki skylt. Samþykki endanotandi skilmála fjarskiptafyrirtækis verða SMS skimuð hjá fjarskiptafyrirtækinu. Efni skilaboðanna er ekki lesið heldur aðeins skimað vélrænt og er eytt ef skilaboðin teljast vera svik. Þannig fær endanotandinn ekki SMS ef vélbúnaðurinn telur SMS-ið vera svik. Engin mannleg íhlutun á sér stað hjá fjarskiptafyrirtækinu.

Ljóst er að slík skimun á skilaboðum er til þess fallin að draga verulega úr svika-SMS sem berast til einstaklinga en því fer fjarri að slík skimun sé töfralausn sem útiloki að viðskiptavinum innlendra fjarskiptafyrirtækja berist slík svika-SMS. Rétt eins og ruslpóstsíur í tölvupósti ná ekki að útiloka alla svikatölvupósta má enn gera ráð fyrir að einhver fjöldi svika-SMS komist í gegnum skimun fjarskiptafyrirtækja á SMS-þjónustu í síma.

Með framangreindri skimun á SMS-þjónustu í síma og lokun aðgangs að svikavefsíðum á að vera hægt að takmarka verulega möguleika til fjársvika með notkun fjarskiptatækni. Með skimun SMS-þjónustu er dregið úr möguleikum til að koma svikahlekkjum til grunlausra viðskiptavina fjarskiptafyrirtækja og með lokun aðgangs að svikavefsíðum er komið í veg fyrir fjártjón af völdum þeirra SMS skilaboða sem komast í gegnum framangreinda skimun, sem og vefsíðum sem berast almenningi með öðrum leiðum en með SMS í síma, svo sem á samfélagsmiðlum eða með tölvupósti.

Samhliða framangreindri skimun á SMS er lagt til að netöryggissveitinni verði heimilt að viðhalda sjálfvirkum lista yfir lén sem notuð eru til svika og að fjarskiptafyrirtækjum verði heimilt að sækja upplýsingar á listann til framangreindrar skimunar og til að beita landslokunum á lén sem skráð eru á hann. Athuga ber að ekki er verið að veita heimild til að hinum fölsku lénum sé lokað eða þau tekin niður enda eru lénin oft vistuð erlendis. Hér þarf því ekki dómsúrskurð. Átt er við að netöryggissveitin haldi lista yfir lögleg lén hér á landi, t.d. lén íslenskra fjármálafyrirtækja, opinberra stofnana og fyrirtækja, svokallaðan „hvítan lista“ sem hægt er að bera saman við lénin sem talið er að notuð séu í svikastarfsemi, þ.e. svokallaðan „svartan lista“. Ef lénið er ekki á „hvíta listanum“ er umferð um lénið lokað hratt til að forðast tjón. Í ljósi þess að mestur skaði af svikaherferðum á sér stað á fyrstu mínútum og klukkustundum eftir að herferð hefst þá skiptir máli að stytta verulega viðbragð við tilkynningum sem berast netöryggissveitinni og hindra aðgang að vefslóðunum til að almenningur falli ekki í gildru svikaranna.

Skimunin sjálf er vélræn, gert er ráð fyrir því að mannshöndin komi þar hvergi nærri og eru SMS skilaboðin því ekki „lesin“. Til að tryggja uppfærslu á skimunarbúnaði fjarskiptafyrirtækjanna senda fjarskiptafyrirtækin engar persónuupplýsingar til CERT-IS heldur kóða til greiningar. Kóðarnir eru ekki persónugreinanlegir. CERT-IS framkvæmir síðan mynstursgreiningu (e. pattern detection) sem fer handvirkt fram, þ.e. með aðstoð manneskju, og sendir til fjarskiptafyrirtækjanna sem þurfa að uppfæra skimunarbúnaðinn reglulega. Engar persónuupplýsingar eru í mynstursgreiningunni og því nær hin mannlega íhlutun CERT-IS ekki inn á svið persónuverndar.

Hafa verður í huga að breyting þessi er fyrst og fremst neytendavernd þar sem fjarskiptafélögunum er heimilað að auka þjónustu sína til neytenda og veita þeim aukna vernd gegn fjársvikum. Þeim er það hins vegar ekki skylt.

3.2. Gjöld fyrir tíðniafnot.

Tíðnirófið innan lögsögu Íslands er takmörkuð auðlind sem er á forræði íslenska ríkisins. Hagnýting á tíðnum í þágu fjarskipta leiðir til verðmætasköpunar sem rétt þykir að ríkisvaldið, hér sem annars staðar, stjórni aðgengi að og að hagnaður í greininni standi undir nauðsynlegu eftirliti hins opinbera.

Opinber gjöld fyrir tíðniafnot eru af tvennum toga, annars vegar auðlindagjöld og hins vegar árgjöld.

3.2.1. Auðlindagjöld.

Handhafar tíðniréttinda greiða gjald fyrir afnot af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Um er að ræða eingreiðslu sem greidd er við upphaf tíðniúthlutunar. Dæmi eru um að tíðniréttarhafar hafi með samkomulagi við Fjársýslu ríkisins fengið að dreifa greiðslum yfir umsamið tímabil.

Í alþjóðlegum samanburði hafa auðlindagjöld fyrir tíðniafnot verið mjög hófleg hér á landi. Þess í stað hefur Fjarskiptastofa markað þá stefnu að leggja á tíðniréttarhafa skuldbindingar um uppbyggingu sendastaða og útbreiðslu og gæði farnetsþjónustunnar. Þessar skuldbindingar hafa haft í för með sér kostnað fyrir fjarskiptafyrirtækin sem vegur upp á móti mjög hóflegum auðlindagjöldum. Með þessu fyrirkomulagi hefur Ísland skipað sér í fremstu röð ríkja hvað varðar útbreiðslu og aðgang almennings að háhraða farnetsþjónustu (4G og 5G).

Lægstu tíðnisviðin sem notuð eru í farnetsþjónustu hafa jafnan verið álitin verðmætari en önnur, m.a. vegna langdrægi, og því hafa auðlindagjöld vegna þeirra verið hærri en önnur í gegnum tíðina. Að stofni til er um að ræða sömu tíðnigjöld fyrir lægstu tíðnisviðin og lögð voru á með lögum nr. 163/2011, um breytingu á lögum um fjarskipti. Á þeim tíma var miðað við sama grundvöll gjaldanna og innheimt voru fyrir fyrstu GSM tíðniheimildirnar á árunum 1996–1997. Vísað er í umfjöllun um grundvöll auðlindagjalda í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til fyrrnefndra laga (405. mál á 140. lögþ.). Gjöldin hafa síðan hækkað með tilliti til verðlagsbreytinga og þá gjarnan verið námundað að næstu heilu eða hálfu milljón króna. Þegar auðlindagjöld voru síðast lögð á með lögum um fjarskipti, nr. 70/2022, voru gjöld fyrir tíðnir undir 1000 MHz til að mynda ákveðin 3,5 millj. kr. fyrir hvert úthlutað MHz af tíðnisviði. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir hækkun en telja verður hækkunina hóflega, sjá töflu hér að neðan. Ýmsum tíðnisviðum upp að 3800 MHz hefur áður verið úthlutað fyrir farnetsþjónustu hér á landi og hafa gjöld fyrir þær heimildir ýmist verið ákvörðuð með lögum eða í uppboðum tíðniheimilda. Þessi tíðnisvið hafa nokkra sérstöðu þar sem tíðniheimildir verða að líkindum mjög bandbreiðar á hæstu tíðnisviðunum og til greina getur komið að hluti þessara tíðnisviða verði notaður í staðbundin net eða einkanet. Til þess að verð á bandbreiðum

heimildum fari ekki fram úr hófi er lagt til að einingaverð verði mun lægra á þessum tíðnisviðum og að í þeim tilvikum sem tíðnum kann að verða úthlutað svæðisbundið þá verði gjaldtaka reiknuð hlutfallslega miðað við fjölda leyfa á sama tíðnisviði.

Tíðnisvið	Stærð (MHz)	Auðlindagjald per MHz (kr.)	Samtals kr.
885–890 / 930–935 MHz	10	4.000.000	40.000.000
900–905 / 945–950 MHz	10	4.000.000	40.000.000
1427–1518 MHz	91	400.000	36.400.000
2300–2400 MHz	100	400.000	40.000.000
2560–2570 / 2680–2690 MHz	20	400.000	8.000.000
2570 –2620 MHz	50	400.000	20.000.000
3400–3500 MHz	100	400.000	40.000.000
24,25–27,5 GHz	3250	20.000	65.000.000
40,5–43,5 GHz	3000	20.000	60.000.000
		Samtals	**349.400.000**

3.2.2. Árgjöld fyrir farnetstíðnir.

Tíðniréttarhafar greiða árleg gjöld sem ætlað er að standi undir kostnaði við eftirlit með farnetstíðnum. Eftirlitið felst m.a. í því að skipuleggja tíðnirófið, að teknu tilliti til alþjóðlegra samþykkta, undirbúa tíðniúthlutanir, greina fyrir fram mögulegar fjarskiptatruflanir og grípa til aðgerða til að eyða þeim þegar þær koma upp. Þetta eftirlit kallar m.a. á talsverða þátttöku í erlendu samstarfi og kaup og rekstur á dýrum mælingabúnaði. Þá fylgja mælingum og truflanaleit vettvangsferðir sem gerir það að verkum að Fjarskiptastofa þarf að eiga og reka bíla í þessi verkefni. Í þessu öllu felst talsverður kostnaður sem rétt þykir að þeir sem hagnýta sér tíðnir til fjárhagslegs ávinnings standi undir.

Sumarið 2025 efndi Fjarskiptastofa til opins samráðs um úthlutun á talsverðum fjölda af tíðnum til fjarskiptaþjónustu. Þessi fjarskiptaþjónusta getur verið af ýmsum toga enda eru tíðniúthlutanir tæknilega hlutlausar. Að stórum hluta má þó ætla að tíðnirnar verði notaðar til að undirbyggja 5G og 6G þjónustur á hærri og bandbreiðari tíðnisviðum. Samráð Fjarskiptastofu leiddi í ljós að talsverð eftirspurn er eftir úthlutun á þessum tíðnum. Fjarskiptastofa áætlar að ef öllum tíðnum sem eru lausar til úthlutunar verður ráðstafað og þær nýttar þá muni kostnaður við eftirlit aukast umtalsvert. Um er að ræða beinan kostnað vegna fjarskiptatruflana auk kostnaðar sem fylgir auknum umsvifum í tíðnimálum, svo sem við umsýslu við útgáfu réttinda, gerð útbreiðslukorta þjónustu, mælingar á gæðum fjarskiptamerkis, o.s.frv.

Ekki er lagt til að gjöld hækki vegna fyrirsjáanlegs kostnaðarauka við eftirlit en úthlutun nýrra tíðniheimilda mun leiða til þess að tekjur af árgjöldum aukist. Þar sem líklegt er að tíðniheimildir sem kann að verða úthlutað á hæstu tíðnisviðunum verði mjög bandbreiðar þá er lagt til að gjald vegna hvers MHz í slíkum heimildum verði lækkað verulega, eða úr 25.650 kr. á MHz niður í 2.565 kr. Eftirfarandi tafla sýnir auknar tekjur af tíðnigjöldum miðað við að öllum tíðnum sem eru lausar til úthlutunar verði úthlutað, að teknu tilliti til þeirrar lækkunar sem lögð er til varðandi hæstu tíðnisviðin.

Tíðnisvið	Stærð (MHz)	Árgjald per MHz (kr.)	Samtals (kr.)
885–890/930–935 MHz	10	256.500	2.565.000
900–905/945–950 MHz	10	256.500	2.565.000
1427–1518 MHz	91	256.500	23.341.500
2300–2400 MHz	100	128.250	12.825.000
2560–2570/2680–2690 MHz	20	128.250	2.565.000
2570–2620 MHz	50	128.250	6.412.500
3400–3500 MHz	100	128.250	12.825.000
24,25–27,5 GHz	3250	2.565	8.336.250*
40,5–43,5 GHz	3000	2.565	7.695.000*
*Lækkun árgjalda varðar þessar tíðnir	**Samtals:**		**79.130.250**

Ekki liggur fyrir hvort eftirspurn er í dag eftir öllum lausum tíðnisviðum og ekki er víst að tíðnisviðunum verði öllum úthlutað í nánustu framtíð. Því gætu innheimt árgjöld orðið lægri en fram kemur í töflunni, a.m.k. til að byrja með. Samkvæmt upplýsingum frá Fjarskiptastofu um núverandi eftirspurn eftir tíðniúthlutunum má þó gera ráð fyrir að hækkun árgjalda standi undir auknum kostnaði við eftirlit með farnetstíðnum.

3.3. Jarðstöðvar.

Ætlunin er að hækka árgjald fyrir starfrækslu jarðstöðva sem nota sérstakar tíðnir í samskiptum við gervihnetti. Með þróun í gervihnattatækni eru nú komnir til sögunnar litlir gervihnettir (jafnvel á stærð við skókassa) sem ganga lágt á sporbaugi jarðar um póla hennar til norðurs og suðurs (e. low orbit satellites). Við þetta hefur skapast þörf fyrir að búa til aðstöðu til að eiga í samskiptum við gervihnettina, einkum til að taka á móti efni sem gervihnettirnir safna á ferð sinni um sporbauginn, t.d. vegna kortagerðar eða veðurmælinga. Þessum gögnum þarf að hlaða niður reglulega, að jafnaði innan hvers sólarhrings. Vegna landfræðilegrar legu Íslands og fyrirliggjandi innviða í fjarskiptum þykir vera hagkvæmt að byggja upp jarðstöðvar hér á landi, sérstaklega til að sinna samskiptum við litla gervihnetti sem ganga á lágum sporbaugi yfir póla jarðarinnar. Þess vegna hefur umsóknum um leyfi til að setja upp og reka jarðstöðvar farið fjölgandi á undanförnum árum. Við það eykst kostnaður við umsýslu vegna ráðstöfunar á þessum réttindum og greiningu á truflanahættu sem felst í því að önnur og jarðbundin fjarskipti geta valdið skaðlegum truflunum á gervihnattasamskiptum og öfugt. Með greiningu er hægt að koma auga á mögulega hættu á truflun og gera fyrirbyggjandi ráðstafanir, t.d. með vali á staðsetningu jarðstöðvar. Þessi vinna hefur aukist á síðustu árum og vinna við afgreiðslu hverrar umsóknar orðið flóknari og þykir því rétt að árgjöld fyrir jarðstöðvar hækki fyrir vikið, sjá a-lið 16. gr. frumvarpsins.

3.4. Málskostnaður í kærumálum fyrir úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Samkvæmt 5. mgr. 20. gr. laga um Fjarskiptastofu, nr. 75/2021, skal úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála við úrlausn kærumáls ákvarða skiptingu málskostnaðar milli málsaðila. Ekki er heimilt að leggja málskostnað í kærumáli á einstaklinga eða á Fjarskiptastofu sjálfa. Greiðist þá kostnaðurinn úr ríkissjóði.

Gjaldið skal taka mið af kostnaði vegna þóknunar nefndarmanna, rekstri málsins fyrir nefndinni, starfsaðstöðu, sérfræðiaðstoðar og gagnaöflunar. Þá er mörkuð sú vísiregla í umræddu lagaákvæði að sá aðili sem tapar máli í grundvallaratriðum skuli að jafnaði greiða málskostnað. Í stjórnsýsluframkvæmd úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála síðustu ár virðist algengt að vikið sé frá þessari vísireglu, oft án teljandi rökstuðnings. Í nýlegu kærumáli nr. 1/2025 var málskostnaður að upphæð 3.285.000 kr. felldur á ríkissjóð þrátt fyrir að bráðabirgðaákvörðun Fjarskiptastofu hafi verið staðfest með minni háttar breytingum. Rökstuðningur þessa var að í ljósi breytinga sem gerðar voru á niðurstöðu Fjarskiptastofu og eðli ágreiningsins hafi málskostnaður verið lagður á ríkissjóð, enda ekki ljóst hver endanleg úrslit málsins yrðu. Þær breytingar sem gerðar voru verður að telja minni háttar og voru þær í reynd hluti af kröfugerð Fjarskiptastofu. Þá var vísað til eðlis ágreiningsins, sem virðist eiga að réttlæta að málskostnaður hafi verið felldur á ríkissjóð, án þess að það hafi verið útskýrt nánar. Þá virðist í þessu tilviki skipta máli að um var að ræða kærumál um bráðabirgðaákvörðun og því endanleg niðurstaða málsins ekki fyrirséð, eðli málsins samkvæmt. Ekki var rökstutt hvers vegna ríkissjóður skuli greiða málskostnað við þær aðstæður.

Vegna tíðra tilfella sem þessara í framkvæmd úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála á umliðnum árum var ákveðið að skoða framkvæmdina yfir tiltekið tímabil. Leiddi sú greining í ljós að á árunum 2021–2024 féll málskostnaður á ríkissjóð í 71% tilfella, þrátt fyrir að staðfestingarhlutfall kærðra ákvarðana Fjarskiptastofu hafi verið 82% yfir sama tímabil. Eru þá ekki talin með tvö kærumál sem vörðuðu einstaklinga og eitt sem varðaði félagasamtök. Því er um að ræða augljóst misræmi í álagningu málskostnaðar með tilliti til afdrifa kærumálanna. Þetta er heldur ekki í rökréttu samhengi við þá vísireglu laganna sem getið var hér að ofan um að sá aðili sem tapar máli í grundvallaratriðum skuli að jafnaði greiða málskostnað.

Af þessu tilefni þykir þörf á að skerpa á ákvæði 5. mgr. 20. gr. laga um Fjarskiptastofu, nr. 75/2021, á þann veg að vísiregla þess um skiptingu málskostnaðar verði virk í framkvæmd.

3.5. Neyðar- og öryggisfjarskiptakerfi – almannavarnir.

3.5.1. Tíðnir fyrir neyðar- og öryggisfjarskiptakerfi.

Algengt er að gerðar séu sérstakar og strangari kröfur til öryggis fjarskiptaneta sem notuð eru í þágu neyðar- og öryggisfjarskipta, ekki eingöngu að því er varðar rekstrarsamfellu, uppitíma og endurreisn niðurfallinna kerfishluta, heldur einnig hvað varðar val á búnaði og ráðstafanir um örugga birgðakeðju o.s.frv. Þetta eru ráðstafanir sem tíðniréttthafar ákveða sjálfir eða útvista ákvarðanatöku í þeim efnum til kerfisrekanda. Það er talið ótækt að félag í eigu hins opinbera sem starfrækir neyðar- og öryggisfjarskiptakerfi sé háð utanaðkomandi aðila um slíkt og þá mögulega einkareknum aðila. Þar sem neyðar- og öryggisfjarskiptakerfi þjóna almanna- og þjóðaröryggishagsmunum þarf félag í eigu hins opinbera sem rekur slík kerfi að hafa fullt forræði yfir þeim tíðnisviðum sem kerfin starfa á. Þetta hefur ekki verið vandamál hingað til, en ekki hefur verið sérstök heimild í lögum fyrir Fjarskiptastofu til að taka frá ónotuð tíðnisvið til notkunar fyrir neyðar- og öryggisfjarskipti. Lagt er til í frumvarpi þessu að slík heimild fyrir Fjarskiptastofu verði lögfest.

3.5.2. Almannaviðvörunarkerfi.

Neyðarlínan ohf. rekur í samstarfi við farnetsfyrirtæki váboðskerfi sem getur sent viðvaranir til almennings á tilteknum svæðum með SMS. Var þetta t.d. mikið notað til að koma skilaboðum til einstaklinga sem skoðuðu gosstöðvarnar á Reykjanesskaganum. Þótt móttökusvæðið væri tiltölulega staðbundið gat fjöldi einstaklinga á svæðinu verið töluvert mikill og af þeim hátt hlutfall erlendra ferðamanna. Í sumum tilvikum má gera ráð fyrir að

landfræðilegt móttökusvæði skilaboðanna hafi verið talsvert stærra, t.d. þegar verið var að vara við gosmengun sem gat lagst yfir svæði í byggð, þ.m.t. tiltekna þéttbýliskjarna, eða þegar send voru skilaboð með fyrirmælum um rýmingu Grindavíkur.

Þannig verður að ætla að viðtakendur útsendra skilaboða vegna atburðanna í Grindavík síðustu árin geti skipt tugum þúsunda einstaklinga. Af þessu getur leitt töluverður kostnaður. Á það sérstaklega við þegar um er ræða erlenda ferðamenn því að þá berst merki skilaboðanna fyrst til fjarskiptafyrirtækis í heimaríki ferðamanns eða fjarskiptafyrirtæki þess ríkis sem annast fjarskiptaþjónustuna. Frá fjarskiptafyrirtækjum í erlendu ríkjunum eru merkin síðan flutt aftur til Íslands í farsíma ferðamannanna. Fyrir þetta gjaldfæra erlendu fjarskiptafyrirtækin íslensku fjarskiptafyrirtækin um svokölluð reikigjöld á heildsölustigi. Þegar fjöldi smáskilaboða í reiki er orðinn mjög mikill yfir langt eða endurtekin tímabil getur verið um að ræða tugmilljóna króna reikigjöld sem íslensku fjarskiptafyrirtækin þurfa að greiða hinum erlendu.

Í tilefni af þessu reis upp ágreiningur annars vegar milli farnetsfyrirtækjanna, sem bjóða notendum upp á almenna farnetsþjónustu á viðskiptalegum forsendum, þ.m.t. reikiþjónustu fyrir erlenda ferðamenn hér landi, og hins vegar Neyðarlínunnar ohf. sem hefur forræði yfir viðvörunarkerfi almannavarna, um hver ætti að bera kostnað af þessum erlendu reikigjöldum. Ágreiningurinn var m.a. til kominn vegna þess að orðalag 99. gr. laga um fjarskipti er ekki nógu skýrt um hvaða aðila beri að standa straum af kostnaði við rekstur almannaviðvörunarkerfis. Það var meginniðurstaða Fjarskiptastofu, sbr. ákvörðun nr. 13/2024, að orðalag ákvæðisins væri óskýrt, en um leið dregin sú ályktun að það hefði ekki verið vilji löggjafans að leggja kostnað af þessu tagi á almennu farnetsfyrirtækin, enda hefði það þá þurft að endurspeglast með skýrum hætti í orðalagi ákvæðisins. Sú niðurstaða stofnunarinnar var síðan staðfest fyrir úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála, sbr. kærumál nr. 7/2024. Í málinu voru stjórnvöld hvött til að beita sér fyrir lagabreytingum til skýringar á orðalagi 99. gr. laga um fjarskipti. Með frumvarpi þessu er ætlunin að bregðast við því.

3.5.3. Varnir gegn ómönnuðum loftförum o.fl. – úrræði í þágu þjóðaröryggis.

Í ljósi óheillavænlegrar þróunar undanfarið með vaxandi notkun ómannaðra loftfara í ólögmætum tilgangi, svo sem til skemmdarverka eða truflunar á flugumferð, þykir vera tilefni til að mæla fyrir um heimildir þar til bærra aðila til að beita fjarskiptatækni til að verjast slíkum ólögmætum aðgerðum. Við stýringu ómannaðra loftfara og annarra fjarstýrðra tækja er oftast notast við þráðlaus fjarskipti af einhverju tagi. Ein leið til að stöðva slík tæki er að trufla eða yfirtaka fjarskiptasamband þeirra. Því er ráðlegt að ryðja úr vegi lagalegum hindrunum sem kunna að hamla yfirvöldum að beita slíkum inngripum í fjarskipti tækja sem ógn getur stafað af. Almennt er bannað að valda truflunum á fjarskiptum, en samkvæmt gildandi lögum má veita fangelsisyfirvöldum heimild til að trufla fjarskipti vegna framkvæmdar á öryggis- og refsigæslu. Lagt er til að bætt verði við undanþáguákvæði fyrir stjórnvöld sem fara með löggæslu, almannavarnir og þjóðaröryggi til að stemma stigu við skaðlegum atlögum að samfélaginu með ómönnuðum loftförum eða öðrum búnaði sem notast við radíóbylgjur.

3.6. Breyting á lögum um fjölmiðla.

Tilurð breytingar á sektarákvæði laga um fjölmiðla á rót sína að rekja til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur frá 1. febrúar 2024 í máli nr. E-3251/2018. Það dómsmál varðaði kröfu Símans hf. um að felld yrði úr gildi ákvörðun Fjarskiptastofu nr. 10/2018 (þá Póst- og fjarskiptastofnun) um brot félagsins á tilteknu ákvæði laga um fjölmiðla, en Fjarskiptastofa gegnir eftirlitshlutverki skv. VII. kafla laga um fjölmiðla, nr. 38/2011. Í ákvörðun stofnunarinnar var

jafnframt lögð stjórnvaldssekt á Símann hf. að upphæð níu milljónir kr. Niðurstaða héraðsdóms var á þá leið að staðfesta efnislega niðurstöðu stofnunarinnar um brot Símans hf., en um leið var sektin felld úr gildi sökum óskýrleika refsiheimildarinnar í lögum um fjölmiðla. Þótti verknaðarlýsingin í 3. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla ekki ná utan um það brot sem málið varðaði. Við nánari skoðun þótti tilefni til að tilgreina með nákvæmari hætti verknaðarlýsingu vegna brota á ákvæðum VII. kafla laga um fjölmiðla og færa sektarheimildina yfir í lög um fjarskipti og ná þannig fram fullu samræmi í sektarheimildum Fjarskiptastofu.

Í gildandi lögum um fjölmiðla er sektarákvæðið bundið við 4. og 5. mgr. 45. gr. laganna. Nú er lagt til að sektarheimildin taki til fleiri efnisþátta kaflans, þ.m.t. brota gegn flutningsrétti og flutningsskyldu sem Fjarskiptastofa hefur tekið ákvörðun um. Ákvarðanir um slíkt geta lagt skyldur á aðila og fyrirmæli um útfærslu á framkvæmd og skilyrðum. Talið er eðlilegt að það geti varðað sekt ef skyldunni er ekki sinnt eða brotið gegn skilyrðum.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Með frumvarpinu er lagt til að uppfylltar verði þjóðréttarlegar skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðisins, með vísan til 2. kafla um tilefni og nauðsyn lagasetningar. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 611/2013 var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2016, dags. 8. júlí 2016, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XI. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins.

Við samningu frumvarpsins kom til skoðunar hvort ákvæði þess færu í bága við ákvæði stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Kom þá einkum og sér í lagi til skoðunar hvort ákvæði 7. gr. frumvarpsins færu í bága við 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs, en talið er að svo sé ekki. Við matið var litið til þess að um heimildarákvæði er að ræða, fjarskiptin sem um ræðir, þ.e. póstur og smáskilaboð, yrðu eingöngu skimuð vélrænt af tölvum sem leita eftir ákveðnum villum eða hnökrum samkvæmt ákveðnum forskriftum, með það að leiðarljósi að vernda borgara og heildstæði fjarskiptaneta. Þá skiptir máli að efni fjarskiptanna er ekki lesið. Enn fremur var litið til þeirrar frumskyldu ríkisvaldsins að tryggja öryggi almennings en af þeim sökum verður að telja að löggjafinn hafi að stjórnlögum rúma heimild og svigrúm til lagasetningar um viðfangsefni 7. gr. frumvarpsins. Þó verður að gæta meðalhófs við framangreinda reglusetningu.

5. Samráð.

Í ljósi þess að frumvarp þetta hefur tekið efnislegum breytingum frá framlagningu þess á 157. löggjafarþingi hefur þessi kafli verið endurskoðaður til að fjalla einungis um athugasemdir hagaðila sem lúta að efni frumvarpsins við framlagningu þess á 158. löggjafarþingi. Mestu munar um athugasemdir sem lutu að efnisþáttum sem hafa verið felldir út úr fyrra frumvarpi, einkum um vernd sæstrengja. Frumvarpið snertir fyrst og fremst fjarskiptafyrirtæki landsins, Öryggisfjarskipti ehf., notendur neyðaröryggisfjarskipta og Samtök atvinnulífsins.

Innviðaráðuneytið birti áform um lagasetningu í samráðsgátt stjórnvalda og voru þau til umsagnar frá 19. júlí til 16. ágúst 2025 (mál nr. S-136/2025). Fimm umsagnir bárust um áformin, frá Landhelgisgæslu Íslands, Vegagerðinni, félagasamtökunum VÁ!, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi og Neyðarlínunni ohf.

Drög að frumvarpi voru birt í samráðsgátt stjórnvalda hinn 24. september 2025 og voru til umsagnar til og með 8. október (mál nr. S-182/2025). Umsagnir bárust frá Farice ehf., Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtökum Íslands, Neyðarlínunni ohf., Sýn hf., Netöryggissveit stjórnvalda CERT-IS, Samtökum iðnaðarins, Ljósleiðaranum ehf., Samtökum

fyrirtækja í sjávarútvegi, Pírötum, Persónuvernd og Mílu hf. Þá bárust þó nokkrar umsagnir frá einstaklingum. Verður hér að neðan gerð grein fyrir helstu athugasemdum sem bárust við efnisákvæði frumvarpsdraganna.

a. Neyðarlínan ohf. gerði ekki athugasemdir við að 99. gr. gildandi laga yrði breytt og taldi brýnt að nýtt ákvæði taki af öll tvímæli um kostnaðarskiptingu við sendingu skilaboða um yfirvofandi eða yfirstandandi neyðarástand. Vakin var athygli á því að frumvarpsdrögin hafi ekki verið til þess fallin að skýra sérstaklega skyldur aðila varðandi greiðslur á venjubundnum rekstrarkostnaði. Þá voru lagðar til breytingar á frumvarpinu þar sem kveðið er á um að fjarskiptafyrirtæki skuli senda slík skilaboð án sérstaks endurgjalds vegna sendinga innan kerfis viðkomandi félags, en að heimilt sé að krefja viðbragðsaðila sem óskar eftir sendingu skilaboða um endurgjald sem svarar útlögðum kostnaði vegna lúkningar- og reikigjalda á sendingum sem enda í kerfum annars fjarskiptafyrirtækis. Þá er í breytingartillögum Neyðarlínunnar lagt til að að undangengnu samráði við hlutaðeigandi hagsmunaaðila verði tekin ákvörðun um heimildir fjarskiptafélaga til að endurheimta frá þeim viðbragðsaðila sem óskar eftir breytingum á tæknilegri framkvæmd útsendinga þann sérstaka viðbótarkostnað sem sannað er að breytingarnar hafa í för með sér.
b. Í umsögn Sýnar hf. var í fyrsta lagi gerð athugasemd við að rökstuðningur frumvarpsins fyrir hækkun gjaldtöku fyrir tíðniafnot byggðist á eldri upphæð gjalda, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga, en ekki á efnahagslegum áhrifum gjaldtökunnar á fjárfestingargetu fjarskiptafyrirtækja, samkeppnisstöðu þeirra eða áhrifa á neytendur. Í öðru lagi var gerð athugasemd við kostnaðarskiptingu við útsendingu neyðarboða, m.a. á þeim grundvelli að hugtakið venjubundinn rekstrarkostnaður sé teygjanlegt og opið fyrir túlkun. Þá voru lagðar til breytingar á þann hátt að áréttað yrði að sendingar slíkra skilaboða yrðu án endurgjalds fyrir notendur, en að allur beinn og mælanlegur kostnaður sem hlýst af slíkri útsendingu skuli að fullu endurgreiddur af þeim opinbera viðbragðsaðila sem óskaði eftir útsendingunni. Í þriðja lagi voru gerðar athugasemdir við auknar sektarheimildir til handa Fjarskiptastofu vegna brota á lögum um fjölmiðla á þeim grundvelli að ákvæði VII. kafla laga um fjölmiðla séu flókin. Í því samhengi var vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 329/2017, þar sem tekist var á mörk milli línulegrar og ólínulegrar miðlunar efnis. Í umsögninni var lagt til að ákvæðið yrði endurskoðað og að sérstakar hóflegri sektarheimildir verði fyrir hendi vegna brota á lögum um fjölmiðla, í stað þess að gripið sé til óhóflegra, veltutengdra viðurlaga sem eiga ekki við um eðli þeirra brota sem um ræðir. Í fjórða lagi voru gerðar athugasemdir við skimunarákvæði frumvarpsins og ákvæði sem heimilar netöryggissveitinni að deila upplýsingum um lén. Athugasemdirnar voru þess efnis að um sé að ræða frávik frá meginreglunni um fjarskiptaleynd. Fram kemur að sú skimun sem til stendur að heimila með frumvarpinu sé vinnsla persónuupplýsinga og verði að uppfylla kröfur laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, þar á meðal hvað varðar kröfur laganna til lögmætis, meðalhófs og gagnsæis. Þá segir að slíkar aðgerðir geti stangast á við meginreglur um hlutleysi, sbr. reglugerð um framkvæmd nethlutleysis, nr. 1128/2018. Þá eru lagðar til breytingar þess efnis að það sé áréttað að fjarskiptafyrirtæki beri ekki ábyrgð á tjóni sem gæti hlotist af villum í vélrænni skimun og að netöryggissveitin beri ábyrgð á að lokunarlistinn sé réttur, en ekki fjarskiptafyrirtækin. Í fimmta lagi var gerð athugasemd við breytingar á ákvæði frumvarpsins, þar sem kveðið er á um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að tilkynna áskrifanda eða einstaklingi um öryggisbrest sem hefur líkleg áhrif á persónuupplýsingar hans eða einkalíf. Fram kemur að þessi kvöð sé íþyngjandi og krefjist þess að fyrirtæki komi á fót nýjum verkferlum til

að meta hvenær áhrif öryggisbrests séu líkleg til að hafa skaðleg áhrif á vernd persónuupplýsinga eða einkalíf, og til að framkvæma tilkynninguna sjálfa, sem geti verið kostnaðarsamt ef um stóran hóp neytenda er að ræða. Þá var gerð athugasemd við óljósa undanþágu frá tilkynningarskyldunni um að ekki þurfi að tilkynna ef gripið hafi verið til fullnægjandi ráðstafana að mati Fjarskiptastofu. Í sjötta lagi var vakin athygli á öðrum ákvæðum sem eru íþyngjandi að mati Sýnar hf. Þar var bent á réttaróvissu og óþægindi fyrir starfsfólk fjarskiptafyrirtækja í tengslum við sérstakt þagnarskylduákvæði vegna varaleiða til fjarskipta í frumvarpinu, útvíkkun sektarheimilda Fjarskipta vegna brota á upplýsingaskyldu til Fjarskiptastofu vegna gagnagrunns almennra fjarskiptaneta og vegna brota á ákvæðum laga um fjarskipti um óumbeðin fjarskipti og hertar reglur um skiptingu málskostnaðar fyrir úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

c. Í umsögn netöryggissveitar stjórnvalda, CERT-IS, kom fram að þær breytingar sem lagðar eru til er varða skimun og hraða afhendingu lénalista séu þarfar og nauðsynleg skref til að bregðast við þeirri miklu aukningu sem orðið hefur í netsvikum hér á landi síðastliðin ár. Einnig kom fram að fjárhagslegt tjón af völdum netsvika hlaupi á hundruðum milljóna króna ár hvert og að yfir 25% af öllum svikum gagnvart almenningi á Íslandi sem tilkynnt voru til netöryggissveitarinnar hafi borist einstaklingum með smáskilaboðum.
d. Samtök iðnaðarins gerðu athugasemdir við orðalag um opinbert eignarhald í 2. gr. frumvarpsins, að nauðsynlegt sé að tilkynna um öryggisbrest við meðferð persónuupplýsinga til bæði Persónuverndar og Fjarskiptastofu, að betur færi á að CERT-IS færi með heimild til að kveða á um hindrun aðgangs að lénum í stað að dreifa þeim, að skýringar við núverandi skimunarákvæði frumvarpsins verði látnar standa, t.d. varðandi réttlætingu mannlegrar íhlutunar í undantekningartilvikum og ráðuneytið hvatt til þess að eiga samráð við fjarskiptafyrirtæki við útfærslu reglugerðar um framkvæmd skimunar. Að lokum studdu samtökin nýtt ákvæði um sérstaka þagnarskyldu vegna varaleiðar fjarskipta, en töldu mikilvægt að taka skýrt fram að þagnarskyldan ætti ekki að ná til samtals við einkaaðila.
e. Ljósleiðarinn ehf. lagði áherslu á vernd fjarskiptainnviða í umsögn sinni. Einnig var gerð athugasemd við úthlutun og endurnýjun tilgreindra tíðniréttinda. Í umsögninni kom fram að áhersla í tíðnigjöldum ætti að færast frá tekjudrifinni gjaldtöku yfir í hvata- og nýtingardrifið fyrirkomulag.
f. Umsögn Pírata studdi að netöryggismál yrðu tekin föstum tökum og þar sagði að breytingarnar væru að mestu til bóta. Þá var einnig gerð athugasemd við að fjarskiptafyrirtæki fái opna heimild til að fá lista yfir lén grunaðra aðila og geti lokað þeim án atbeina dómstóla.
g. Í umsögn Persónuverndar var þeirri ábendingu beint til innviðaráðuneytis að gæta þess að samræmi verði milli tillögu ákvæðis frumvarpsins um tilkynningar um alvarleg öryggisatvik og 27. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, þar sem kveðið er á um meðferð tilkynninga um öryggisbresti. Þá var mælt með að framkvæmt yrði mat á áhrifum á persónuvernd vegna skimunarákvæðis frumvarpsins auk þess sem vakin var athygli á misræmi milli skimunarákvæðisins og skýringa við ákvæðið í frumvarpsdrögum hvað varðaði mannlega íhlutun og lagt til að áréttað verði í ákvæðinu að einstaklingar njóti réttar skv. III. kafla laga nr. 90/2018.
h. Míla hf. lagði áherslu á öryggi fjarskiptavirkja í umsögn sinni.

Eftir samráð tók frumvarpið nokkrum breytingum, auk þess sem greinargerð frumvarpsins var bætt og rétt þykir að fara yfir helstu breytingar og eftir atvikum leiðrétta misskilning.

Í einni umsögn kom fram ákveðinn misskilningur varðandi 2. gr. frumvarpsins. Það skal áréttað hér að tilgangur 2. gr. frumvarpsins er eingöngu að festa í lög heimild til að taka frá tíðni fyrir íslenska ríkið í þágu almannahagsmuna og þjóðaröryggis, þ.e. t.d. fyrir lögreglu og aðra viðbragðsaðila. Að öðru leyti er vísað í skýringar við ákvæðið sjálft.

Í byrjun þeirrar viku sem frumvarpið fór í opið samráð sveimuðu ómönnuð loftför yfir flugvöllum tveggja Norðurlandaþjóða, Danmerkur og Noregs, þannig að flugsamgöngur fóru verulega úr skorðum, þó sérstaklega í Danmörku. Hin ómönnuðu loftför héldu áfram að trufla flugsamgöngur í Danmörku. Þá var flugumferð um nokkra flugvelli á meginlandi Evrópu trufluð í vikunni á eftir, svo sem í Þýskalandi. Þegar samráðið var á enda var ákveðið af hálfu ráðuneytisins að setja inn sérstakt ákvæði sem ryður úr vegi hindrunum til að heimila ákveðnum viðbragsaðilum að nýta búnað sem truflar fjarskipti, útilokar eða yfirtekur merkjasendingar í þeim tilgangi að koma í veg fyrir skaðleg áhrif af völdum ómannaðra loftfara eða annars búnaðar sem ógnað getur lífi og heilsu almennings, umhverfi og eignum. Ákvæðið er þess eðlis og það afmarkað að það var mat ráðuneytisins að það þjónaði ekki tilgangi sínum að lengja samráðstíma frumvarpsins vegna ákvæðisins enda er um algjört neyðarúrræði að ræða fyrir ákveðin stjórnvöld við sérstakar aðstæður.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjarskiptafyrirtæki upplýsi ef öryggisbrestur hefur haft skaðleg áhrif á vernd persónuupplýsinga eða einkalíf áskrifanda eða einstaklinga og að þá skuli viðkomandi upplýstur um það. Fyrir liggur að fyrirmæli um slíkt og hið sama eru í persónuverndarlöggjöfinni. Hér er þó eingöngu verið að uppfylla fyrirmæli í evrópsku fjarskiptaregluverki.

Fram kom misskilningur í tengslum við ákvæði frumvarpsins er heimilar fjarskiptafyrirtækjum að sækja sér upplýsingar úr lista netöryggissveitarinnar með sjálfvirkum hætti hjá nokkrum umsagnaraðilum. Netöryggissveitin ber ábyrgð á listanum, þ.e. að hann sé réttur, en ekki fjarskiptafyrirtækin. Þá er hvorki um að ræða lokun á lénum né lén tekin niður heldur er verið að stöðva umferð um lén til að koma í veg fyrir svikastarfsemi. Þannig þarf ekki dómsúrskurð. Með þessu ákvæði er verið að reyna að stöðva umferð um svikalén hratt, á nokkrum mínútum í stað nokkurra klukkustunda eða daga eins og nú tíðkast.

Gerðar voru talsverðar breytingar á 9. gr. frumvarpsins sem breytir 99. gr. laga um fjarskipti. Við breytinguna var stuðst í meginatriðum við tillögu Neyðarlínunnar ohf.

Vegna athugasemda við 10. gr. frumvarpsins er varðar sérstaka þagnarskyldu var ákveðið að taka út setninguna „Brot gegn þessari grein varðar við X. kafla almenna hegningarlaga, sbr. I.–III. kafla sömu laga.“ Var það gert til að milda ákvæðið.

Þá var ákveðið að gera breytingar á 15. gr. frumvarpsins. Tók það ákvæði nokkrum breytingum og var m.a. málskotsgjald fellt niður sem telja verður ívilnandi fyrir aðila máls. Að öðru leyti er ákvæðið byggt upp á sömu markmiðum og lagt var upp með fyrir samráð en orðað öðruvísi.

Loks var ákveðið að fresta gildistöku 7. gr. frumvarpsins er lýtur að skimun á tölvupóstum og SMS þar til reglugerð um tæknilega högun lítur dagsins ljós svo sem fram hefur komið. Persónuverndarsjónarmið búa þar að baki auk sanngirnissjónarmiða enda er ekki hægt að meta áhættu að baki skimuninni fyrr en tæknileg högun liggur ljós fyrir.

6. Mat á áhrifum.

Afleiðingar af samþykkt frumvarpsins á almannahagsmuni eru þær að frumvarpið, verði það að lögum, mun bæta þjóðaröryggi og allsherjarreglu og um leið hag almennings og fyrirtækja.

Frumvarpið mun hafa áhrif á fjarskiptafyrirtæki sem munu geta boðið viðskiptavinum sínum upp á skimun á smáskilaboðum til að takmarka svikaskilaboð og þar með auka öryggi kerfa sinna og neytendavernd viðskiptavina en ljóst er að fjarskiptafyrirtæki munu verða fyrir einhverjum kostnaði, ákveði þau að bjóða upp á þessa þjónustu.

Telja verður að stjórnsýslan sé vel í stakk búin til að takast á við þau verkefni sem henni eru falin í frumvarpinu, sbr. þó fyrirséða aukningu á árgjöldum fyrir tíðniafnot vegna meiri umsýslu sem leiðir af vaxandi notkun á tíðnirófinu. Þau gjöld munu standa straum af kostnaði við aukið eftirlit hvað varðar tíðnimál.

Fyrirhuguð lagasetning mun ekki hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Breyting varðandi ráðstöfun fjarskiptatíðna er til þess fallin m.a. að auka möguleika á því að ná meiri hagræðingu en ella í uppbyggingu og rekstri ríkisins á næstu kynslóð neyðar- og öryggisfjarskipta. Breyting á verðlagningu tíðna er til þess fallin að auka eftirspurn eftir þeim og auka þar með tekjur ríkissjóðs. Tekjuaukningu ríkissjóðs er erfitt að áætla að svo stöddu en hún mun ekki verða veruleg. Þegar lagt er heildarmat á ákvæði frumvarpsins, er það mat ráðuneytisins að frumvarpið muni ekki hafa áhrif á útgjöld ríkisins.

Áhrif uppbyggingar fjarskipta eru jákvæð fyrir öll kyn. Greina má að bættar nettengingar auki byggðafestu kvenna umfram karla í dreifbýli. Þá benda kannanir fjölmiðlanefndar til þess að kynin upplifi ógnir á netinu með mismunandi hætti. Við forgangsröðun aðgerða um aukið netöryggi verður lögð áhersla á aðgerðir sem jafna stöðu kynja og þjóðfélagshópa.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um langt árabil hefur það verið rótgróin meginregla að fjarskiptalög gilda ekki um efni sem streymir um almenn fjarskiptanet. Segja má að það hafi leitt af þeirri réttarskipan að það hafi verið í höndum dómstóla að úrskurða um mörk tjáningarfrelsis og taka afstöðu í meiðyrða- eða höfundarréttarmálum.

Á undanförnum árum hefur á vettvangi Evrópusamstarfsins orðið sú réttarþróun að veita fjarskiptafyrirtækjum heimild til að skima efni fjarskipta í þröngt afmörkuðum tilgangi. Hefur það verið leyft með lagabreytingu í nokkrum Evrópusambandsríkjum m.a. til að hægt sé að koma upp tæknilegum ráðstöfunum til að verjast fjarskiptum sem notuð eru í svikastarfsemi eða til að verja heildstæði fjarskiptanetanna fyrir netóværum sem geta ógnað rekstrarhæfni þeirra. Nánar verður fjallað um þetta í skýringum við 7. gr. frumvarpsins sem felur í sér fyrirhugaðar breytingar á 88. gr. laga um fjarskipti.

Til að heimila skimun fjarskiptaumferðar í þröngt afmörkuðum og málefnalegum tilgangi þarf að mæla fyrir um undantekningu á fortakslausu ákvæði laga um fjarskipti sem afmarkar gildissvið laganna.

Um 2. gr.

Ákvæði þetta fjallar um hvernig Fjarskiptastofa getur takmarkað úthlutun tíðna þegar tiltekin skilyrði eiga við. Þessi breyting á gildandi ákvæði varðar tíðniafnot íslenska ríkisins í þágu almanna- og þjóðaröryggishagsmuna. Orðalagið tíðniafnot íslenska ríkisins ber ekki að túlka þröngt. Það nær einnig til fyrirtækja í eigu hins opinbera og mögulega einkaaðila sem hið opinbera hefur gert þjónustusamninga við um fjarskiptaþjónustu, enda megi telja slíka þjónustu falla að verndarhagsmunum ákvæðisins um almanna- og þjóðaröryggishagsmuni. Meta þarf slík tilvik í hverju tilfelli fyrir sig með því að leggja mat á eðli viðkomandi þjónustusamninga. Það er í höndum Fjarskiptastofu að gera það.

Í dag er fyrst og fremst um að ræða fyrirtækið Öryggisfjarskipti ehf. sem á og rekur TETRA neyðar- og öryggisfjarskiptakerfið. Á árinu 2022 fékk félagið úthlutað tíðniheimild á 700 MHz tíðnisviðinu fyrir háhraða farnetsþjónustu til nota fyrir næstu kynslóð neyðar- og öryggisfjarskiptakerfa. Ekki er þó hægt að útiloka að aðrir aðilar innan hins opinbera eða fyrirtæki í eigu þess þurfi afnot af tíðnum í framtíðinni til að geta sinnt hlutverkum sínum til verndar almanna- og þjóðaröryggishagsmunum. Því er orðalag ákvæðisins almennt orðað hvað þetta varðar.

Þá er rétt að gera greinarmun á fráteknum tíðnisviðum og úthlutuðum tíðnisviðum. Ekki þarf að greiða árgjöld af fráteknum tíðnisviðum eins og úthlutuðum tíðnisviðum. Ákvörðun Fjarskiptastofu um að taka frá tiltekið tíðnisvið í þágu almanna- og þjóðaröryggishagsmuna skapar ekki réttindi tiltekins aðila sem nýtur verndar samkvæmt lögum. Aðilinn byrjar að greiða árgjöld þegar tíðnisviðinu hefur verið úthlutað til hans. Fjarskiptastofa getur breytt ákvörðun um skipulag tíðnirófsins um frátöku tíðnisviðs samkvæmt þessu ákvæði ef aðstæður og þarfir breytast, án þess að það reyni á lagaákvæði og reglur um afturköllun réttinda, svo sem um andmælarétt og aðlögunartíma, þótt ekki sé gert ráð fyrir að slíkar breytingar séu gerðar fyrirvaralaust.

Um 3. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að veita stjórnvöldum, sem hafa með höndum lögbundin verkefni sem lúta að löggæslu, almannavörnum og þjóðaröryggi, heimild til að nota búnað sem truflar fjarskipti, útilokar eða yfirtekur merkjasendingar í þeim tilgangi að koma í veg fyrir skaðleg áhrif af völdum ómannaðra loftfara eða annars búnaðar sem ógnað getur lífi og heilsu almennings, umhverfi, eignum eða þjóðaröryggi. Ekki þykir rétt að tilgreina með tæmandi hætti þá aðila ríkisvaldsins sem hafa þessu hlutverki að gegna, enda getur verkaskipting milli þeirra tekið breytingum með tímanum. Hér er t.d. um að ræða lögregluna, ríkislögreglustjóra og Landhelgisgæsluna.

Nýlegar truflanir á flugi á Norðurlöndum með notkun ómannaðra loftfara eru stór ástæða þess að umrædd breyting er lögð til. Skaðlegar aðgerðir af þessu tagi geta mögulega verið framkvæmdar með annars konar búnaði og ekki er hægt að sjá fyrir með vissu hvers konar búnaður getur verið þróaður til notkunar í svipuðum tilgangi í framtíðinni. Því er orðalag ákvæðisins ekki einskorðað við ómönnuð loftför heldur gildir undanþágan gagnvart öllum búnaði sem notaður er í þessum skaðlega tilgangi ef hægt er að beita mótvægisaðgerðum með truflun eða yfirtöku fjarskipta.

Nánari skilyrði fyrir beitingu þessara úrræða fara eftir þeim lögum sem viðkomandi stjórnvöld starfa eftir, en með þessari breytingu er lagalegri hindrun fyrir notkun truflunarbúnaðar í slíkum tilvikum rutt úr vegi í lögum um fjarskipti.

Undanþágan gildir fyrir löglega notkun viðkomandi stjórnvalda í skilgreindum tilvikum og er ekki þörf á að sækja um sérstaka heimild fyrir fram, enda myndi slíkt valda óásættanlegri töf á aðgerðum. Til að greina áhrif aðgerða á önnur fjarskipti og til að staðsetja þau landfræðilega er talið rétt að mæla fyrir um tilkynningarskyldu til Fjarskiptastofu eftir að úrræði hefur verið beitt. Slíkri tilkynningu skulu fylgja upplýsingar um afl og tegund merkjasendinga, landfræðilega útbreiðslu þeirra og hversu langan tíma aðgerðin stóð. Ekki er gert ráð fyrir því að Fjarskiptastofa leggi mat á réttmæti og tilefni beitingar úrræðisins.

Við beitingu úrræðis samkvæmt ákvæði þessu er mikilvægt að greina fyrir fram hvort það geti verið líklegt til að hafa áhrif á önnur og lögmæt fjarskipti. Þótt hætta sé talin á því að það geti gerst þá útilokar það ekki beitingu úrræðisins, heldur kallar það á að fram fari mat á þeim

hagsmunum sem eru í húfi. Í öllu falli er nauðsynlegt að stjórnvöld sem beita úrræði samkvæmt ákvæðinu takmarki landfræðileg áhrif þess eins og kostur er og láti það vara í eins skamman tíma og hægt er.

Um 4. gr.

Lagt er til að kveðið verði sérstaklega á um upplýsingaskyldu veitanda almennrar fjarskiptaþjónustu til áskrifenda eða einstaklings ef öryggisbrestur við vinnslu persónuupplýsinga (e. personal data breach) hefur skaðleg áhrif á vernd persónuupplýsinga eða einkalíf einstaklings. Í ákvæðinu er tekið fram að ekki sé þörf á þessari tilkynningu ef gripið hefur verið til fullnægjandi úrbóta að mati Fjarskiptastofu, en í því felst að veitandinn þarf að sýna stofnuninni fram á það að gripið hafi verið til fullnægjandi tæknilegra verndarráðstafana varðandi þær upplýsingar sem tengjast þeim öryggisbresti sem um ræðir og þarf Fjarskiptastofa að samþykkja að svo sé, sbr. 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 611/2013 um ráðstafanir sem gilda um tilkynningar um brot er varða persónuupplýsingar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti. Framangreindar breytingar eru til komnar vegna ákvæðis 3. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta, sbr. breytingar sem gerðar voru með tilskipun 2009/136/EB, og 3. og 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 611/2013. Lagt er til að sett verði heimild fyrir ráðherra til að setja nánari fyrirmæli í reglugerð um tilkynningar skv. 80. gr. m.a. til að tryggja ráðherra lagaheimild til að innleiða reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 611/2013 frá 24. júní 2013 um ráðstafanir sem gilda um tilkynningar um brot er varða persónuupplýsingar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti, sjá skýringar við 5. og 13. gr. frumvarpsins.

Um 5. gr.

Vísað er til skýringa við 4. gr. en 80. og 81. gr. laga um fjarskipti eru nátengdar og nauðsynlegt er að ráðherra hafi heimild til að útfæra nánar með reglugerð upplýsingagjöf til almennings. Átt er við upplýsingar sem geta haft víðtækari skírskotun um netöryggi óháð tengslum við tiltekið öryggisatvik.

Um 6. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að netöryggissveit fái heimild til að viðhalda lista á sjálfvirkan hátt yfir vefsíður sem nýttar eru til vefveiða eða til svika og að fjarskiptafyrirtækjum sem veita netaðgangsþjónustu sé heimilt að nýta listann til að framkvæma reglubundna sjálfvirka landslokun (e. DNS blocking). Á undanförnum árum hefur tilkynningum til netöryggissveitarinnar um slíkar svikaherferðir og vefveiðar sem beinst hafa ýmist að almenningi og fyrirtækjum á Íslandi fjölgað gríðarlega. Sem dæmi um svikavefsíður má nefna vefsíður sem líkja eftir öðrum innlendum vefsíðum, svo sem Ísland.is eða vefsíðum fjármálafyrirtækja.

Í ljósi þess að mesti skaðinn af völdum slíkra svikaherferða á sér stað á fyrstu mínútunum og klukkustundunum eftir að herferðin hefst, skiptir miklu máli að hindra aðgang að vefslóðum sem nýttar eru til svika sem allra fyrst, þannig að almenningur falli ekki í gildru svikaranna.

Í dag er verklag netöryggissveitarinnar þannig að tilmæli með ósk um landslokun eru send með tölvupósti á fjarskiptafélögin þegar um er að ræða stórar og alvarlegar svikaherferðir gagnvart almenningi eða fyrirtækjum. Fjarskiptafélögin hafa þá í flestum tilvikum orðið við

þeirri ósk en brugðist mishratt við. Þessi þjónusta fjarskiptafélaganna er almennt ekki í boði utan hefðbundins vinnutíma en stór hluti svika fer einmitt fram utan dagvinnutíma og um helgar.

Til að stöðva þessar svikaherferðir er lagt til að stytta viðbragð við að loka á aðgang að svikavefsíðum niður í nokkrar mínútur með því að beita landslokunum sjálfvirkt hjá innlendum fjarskiptafélögum. Í framkvæmd myndi netöryggissveit stjórnvalda halda úti sjálfvirkum „svörtum lista“, byggðum á ábendingum sem berast sveitinni, yfir þau vefsvæði sem sveitin staðfestir að innihaldi vefveiðar eða svik. Samhliða myndi netöryggissveitin halda úti svokölluðum „hvítum lista“ sem myndi innihalda þekkt og viðurkennd lén sem ekki ætti að hindra aðgang að svo sem skýrt er nánar í kafla 3.1. Netöryggissveitin bæri ábyrgð á skráningum á listana og myndi ábyrgjast að aðeins vefsvæði sem innihalda vefveiðar eða önnur netsvik færu á „svarta listann“. Fjarskiptafélög sem veita netaðgangsþjónustu hefðu heimild til að sækja upplýsingar á listann sjálfvirkt, t.d. á fimm mínútna fresti, og loka sjálfkrafa á vefsvæði sem eru skráð á „svarta listann“. Slíkir listar eru þegar til og nýta fyrirtæki sem sjá um netvarnir þá til að vernda viðskiptavini sína.

Með þessum aðgerðum væri hægt að takmarka aðgengi viðskiptavina innlendra fjarskiptafyrirtækja að þessum vefsvæðum á aðeins nokkrum mínútum. Það hefði þau áhrif að svikaherferðin missti marks og svik væru því að mestu hindruð.

Mikilvægt er að árétta að ekki er um að ræða lokun, niðurtöku eða haldlagningu léns. Eingöngu er um að ræða valkvæða heimild til handa fjarskiptafyrirtækjum að nýta sér lista netöryggissveitarinnar til að hindra aðgang viðskiptavina þeirra að lénum sem grunur leikur á að séu notuð í svikastarfsemi.

Einnig má benda á að ákvæðið nýtist ekki aðeins vegna svika með SMS og tölvupóstum heldur einnig ef endanotendur ýta á hlekk t.d. á samfélagsmiðlum. Þar af leiðandi er ákvæðið mjög mikilvægur viðbúnaður til að verja almenning gegn svikum.

Ljóst er þó að gæta þarf fyllstu varúðar við skráningu á slíkan lista til að tryggja að vefsíður séu ekki ranglega skráðar á hann. Af þeim sökum er lagt til að netöryggissveit setji sér skýrar verklagsreglur um skráningu á listann, eftirlit með því að listinn sé réttur og um rétt til að óska eftir afskráningu með skýrum tímamörkum fyrir netöryggissveitina að afgreiða slíkar óskir.

Um 7. gr.

Lagt er til að fjarskiptafyrirtæki fái afmarkaða heimild til að skima tölvupóst og smáskilaboð (SMS) í því skyni að greina þekkt svikamynstur og draga úr líkum á því að framangreind fjarskipti séu notuð til fjársvika eða til að dreifa spilliefni. Heimildin tekur ekki til símtala og verður ekki túlkuð rýmra en leiðir af skýrt afmörkuðum tilgangi hennar.

Það er orðið æ algengara að svik séu framkvæmd þannig að send eru út smáskilaboð sem látin eru líta út eins og þau komi frá fjármálastofnunum eða þekktum þjónustuaðilum. Í skilaboðunum er að finna hlekk þar sem fólk er hvatt til einhverra aðgerða sem að lokum leiða til þess að það er svikið um fé. Oft geta þetta verið háar fjárhæðir og í ljósi fjölda slíkra skilaboða sem eru í umferð hverju sinni er um ræða töluvert tjón fyrir samfélagið allt. Þá eru tölvupóstar einnig notaðir í sama tilgangi og tekur ákvæðið einnig til þeirra. Heimild til skimunar nær ekki til símtala né annarra fjarskipta en tölvupósts og smáskilaboða en lögmæt hlerun á símtölum krefst ávallt dómsúrskurðar fyrir fram. Hér er því um að ræða lögfesta undantekningarreglu á meginreglunni um fjarskiptaleynd sem ber að túlka þröngt.

Gert er ráð fyrir að skimun hjá fjarskiptafyrirtækjum verði sjálfvirk og án mannlegrar skoðunar á efni einstakra skilaboða eða tölvupósta. Aðkoma CERT-IS yrði afmörkuð við greiningu þekktra svikaaðferða og gerð svikamynstra eða tæknilegra kennimerkja, svokallaða

mynstursgreiningu (e. pattern detection). Niðurstöðu úr mynstursgreiningunni yrði síðan miðlað til fjarskiptafélaganna sem geta beitt þeim við skimun. Ekki er gert ráð fyrir að CERT-IS fái almennan aðgang að skilaboðaumferð viðskipavina fjarskiptafyrirtækja.

Verndarandlag þessa ákvæðis er að fyrirbyggja tjón af svikum og tryggja rekstrarhæfni fjarskiptaneta. Einnig er um brýna neytendavernd að ræða. Þessir hagsmunir vegast að einhverju leyti á við persónuverndarhagsmuni og friðhelgi einkalífs þeirra einstaklinga sem eiga í fjarskiptasamskiptum. Því skiptir það sköpum að rétt sé staðið að tæknilegri uppsetningu á skimunarbúnaði, búnaðurinn sé viðurkenndur og jafnvel vottaður, unnið sé samkvæmt samþykktri tækniforskrift (e. configuration), verkferlar séu skýrir, t.d. varðandi meðhöndlun atvika, tilkynningar um þau til Fjarskiptastofu og að allt verkferlið sé háð innra eftirliti fjarskiptafyrirtækja og eftirliti Fjarskiptastofu. Því skiptir miklu máli að vandað sé til verka varðandi útgáfu reglugerðar sem er ætlað að útfæra framkvæmd skimunar með nákvæmari hætti og mæla fyrir um skilyrði sem hún þarf að uppfylla. Í 7. gr. frumvarpsins er lagt til að sett verði ítarleg reglugerð þar sem skimunin verði útfærð nánar.

Lagt er til að ráðherra verði skylt að setja reglugerð um framkvæmd skimunar á fjarskiptaumferð skv. 1. mgr. 88. gr. Ljóst er að reglugerðin þarf að kveða ítarlega á um kröfur til skimunarinnar. Þannig þarf að gera miklar kröfur til búnaðarins enda er verið að veita undanþágu frá fjarskiptaleynd. Ráðherra þarf að geta gert kröfur í reglugerð um frá hvaða löndum megi kaupa búnaðinn, hvaða öryggiskröfur hann þurfi að uppfylla, hvernig hann skuli vera vottaður, jafnvel stilltur o.fl. Þá þarf t.d. að skilgreina hvernig upplýsingastreymi milli fjarskiptafyrirtækja og CERT-IS skuli háttað, hvaða upplýsingar heimilt er að senda á milli þessara aðila, hvernig raunlægu öryggi skuli háttað, eftirliti, réttindum einstaklinga, tilkynningum til Fjarskiptastofu, hvernig endurmeta skuli skimunina að tilteknum tíma liðnum og hvernig krefjast megi úrbóta.

Um 8. gr.

Flest fjarskiptafyrirtækin eru hætt að hafa milligöngu um hvort notandi vilji vera skráður í símaskrá og virðist vera lítil eftirspurn eftir slíkri þjónustu. Fjarskiptastofa framkvæmdi úttekt til að leggja mat á stöðuna, sbr. frétt á vef stofnunarinnar frá 27. mars 2025. Hjá eina fyrirtækinu sem hafði skráningu í símaskrá sem hluta af ferli sínu við nýskráningu viðskiptavina hafði aðeins um 1% notenda yfir þriggja mánaða tímabil óskað eftir slíkri skráningu. Hjá því fyrirtæki sem hafði haft milligöngu um flestar skráningar í símaskrá var hlutfallið aðeins um 10%.

Í dag leitar fólk að upplýsingum um símanúmer og öðrum tengiliðaupplýsingum eftir öðrum leiðum. Ekki þykir vera tilefni til að viðhalda skyldu fjarskiptafyrirtækja til að bjóða upp á skráningu í símaskrá í ljósi þess að eftirspurn eftir þjónustunni er ekki meiri en raun ber vitni. Er því lagt til að 2. málsl. 1. mgr. 93. gr. laga um fjarskipti verði felldur brott.

Um 9. gr.

Með greininni er ætlunin að skýra nánar hvaða heimildir fjarskiptafyrirtæki hafa til að endurheimta útlagðan kostnað sem þau hafa af útsendingu neyðarboða í þágu almannavarna og annarra viðbragðsaðila og jafnframt árétta skyldu þeirra til að senda slík boð um eigið kerfi án sérstaks endurgjalds.

Ákvæði þetta fjallar um boðkerfi almannavarna sem gefur almannavarnayfirvöldum tækifæri til þess að senda boð með viðvörun um neyðarástand til almennings, þ.e. allra notenda sem staðsettir eru innan útbreiðslusvæðis tiltekinna farnetssenda. Framangreind skilaboð eru fyrst og fremst móttekin í farsímum en ekki er hægt að útiloka að þau séu móttekin í annars

konar nettengdum búnaði, t.d. spjaldtölvum eða snjallúrum. Ákvæðið er innleiðing á 110. gr. tilskipunar (ESB) 2018/1972 hvað varðar skyldu til að senda neyðarboð, en til viðbótar er kveðið á um kostnaðarhlið slíkra sendinga, þ.e. að farnetsfyrirtæki skuli senda slík boð endurgjaldslaust um eigið kerfi, en heimilt er að innheimta tiltekinn útlagðan kostnað úr hendi þess sem biður um útsendingu neyðarboða.

Það er fyrst og fremst í höndum Neyðarlínunnar að vera í samskiptum við fjarskiptafyrirtæki um slík neyðarboð en þau geta átt rætur að rekja til lögreglu, slökkviliðs eða annarra opinberra viðbragðsaðila. Ekki ber að leggja þröngan skilning í hugtakið neyðarástand. Þannig takmarkast gildissvið ákvæðisins ekki við náttúruvá, heldur getur einnig verið um að ræða hver kyns önnur atvik sem geta stefnt lífi og heilsu fólks í hættu, t.d. stórfelldan húsbruna eða eiturefnaleka.

Þegar talað er um fjarskiptafyrirtæki í þessu sambandi er átt við þau fyrirtæki sem eiga og reka farnet en einnig sýndarnetsaðila og endursöluaðila farnetsþjónustu. Gert er ráð fyrir því að fjarskiptafyrirtækjum verði skylt að veita þessa þjónustu endurgjaldslaust fyrir notendur og láta hana njóta forgangs í almennum fjarskiptanetum. Í þessu felst m.a. að almannavörnum ber ekki að greiða fyrir þann innri kostnað sem verður til hjá viðkomandi fjarskiptafyrirtæki vegna sendingar neyðarboða innan eigin kerfis. Öðru máli gegnir hins vegar ef ekki er unnt að ljúka sendingunni í eigin kerfi, þannig að senda þurfi það um kerfi annarra farnetsrekenda. Kostnaður af reikiþjónustu og lúkningargjöldum kemur þá til sem útlagður viðbótarkostnaður og sá kostnaður getur verið umtalsverður þegar um er að ræða tengingar við síma eða annan farnetsbúnað sem er tengdur og í áskrift hjá erlendum fjarskiptafyrirtækjum. Þykir rétt að kveða skýrt á um heimild fjarskiptafyrirtækja til að innheimta útlagðan kostnað af reikiþjónustu og lúkningargjöldum þegar sending endar í öðrum farnetum, hvort heldur er innlendum eða erlendum.

Ef upp kemur ágreiningur um kostnað vegna sendingar neyðarboða, hvort sem er vegna útlagðs kostnaðar við lúkningu eða reiki, innleiðingar tækninýjunga eða uppfærslu búnaðar geta aðilar vísað ágreiningi til Fjarskiptastofu til úrlausnar.

Um 10. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að nýtt ákvæði, 100. gr. a, komi inn í XIV. kafla laganna sem ber fyrirsögnina *Neyðarsamskipti. Neyðar- og öryggisfjarskipti. Fjarskipti á hættutímum.* Ákvæðið kveður á um sérstaka þagnarskyldu um upplýsingar sem varða varaleiðir sem nýta á í þágu ríkisins. Ákvæðið er þannig úr garði gert að ekki þarf að vega og meta hagsmuni upplýsingabeiðanda af því að fá afhent gögn til að meta hvort afhenda eigi upplýsingar, svo sem samninga, heldur ber að neita um afhendingu þessara gagna með vísan til þjóðaröryggis og allsherjarreglu. Nauðsynlegt er að tiltekin leynd sé um varaleiðir þjóðríkja til fjarskipta, sem nota á þegar veruleg hætta steðjar að þjóðinni, svo sem á stríðstímum, vegna hryðjuverka eða annarra ógna. Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir að aðilar sem heyri undir ákvæðið afhendi Fjarskiptastofu gögn vegna eftirlits stofnunarinnar enda er þeim það skylt samkvæmt lögum, sjá 5. mgr. 25. laga um Fjarskiptastofu, nr. 75/2021.

Um 11. gr.

Framfylgdarheimildir vegna óumbeðinna fjarskipta komu inn í lögin í tíð eldri laga um fjarskipti, nr. 81/2003. Í þeim var ekkert almennt ákvæði um stjórnvaldssektir. Þetta var breyting sem leiddi af frumvarpi sem ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra lagði fram við innleiðingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2394 frá 12. desember

2017 um samvinnu milli landsyfirvalda sem bera ábyrgð á að framfylgja lögum um neytendavernd og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2006/2004. Við ritun gildandi laga um fjarskipti var þetta sektarúrræði ekki fært yfir í almennt sektarákvæði 103. gr. laga um fjarskipta, heldur látið standa óbreytt eins og það var í gildistíð eldri fjarskiptalaga.

Nú þykir ástæða til þess að færa þessa sérstöku sektarheimild skv. 102 gr. laga um fjarskipti yfir í 103. gr. sem er almennt ákvæði laganna um stjórnvaldssektir. Eins og sjá má af 103. gr. eru þar mun ítarlegri kröfur sem gilda um beitingu stjórnvaldssekta heldur en er að finna í markaðssetningarlögum nr. 44/2026, áður lög um viðskiptahætti og markaðssetningu, nr. 57/2005, sem gildandi 102. gr. laga um fjarskipti vísar til. Lagt er til að sektarúrræði vegna brota á lagaákvæði um óumbeðin fjarskipti verði færð undir sérstakan staflið í 103. gr. laganna og orðalagi 102. gr. verði breytt til samræmis við það.

Um 12. gr.

Fjarskiptastofa starfrækir gagnagrunn um almenn fjarskiptanet (GAF). Gagnagrunnurinn er mikilvægt verkfæri sem nýtist á margan hátt í eftirliti Fjarskiptastofu, stöðumati og stefnumótun stjórnvalda, m.a. varðandi útbreiðslu háhraðaþjónustu og áfallaþol neta. Mjög mikilvægt er að gögn í grunninum séu rétt, tæmandi og uppfærð miðað við stöðuna hverju sinni. Því er mikilvægt að hafa heimildir til að beita viðurlögum ef fyrirtæki sinna ekki skyldu sinni til að láta af hendi réttar og áreiðanlegar upplýsingar til skráningar í grunninn. Ekkert slíkt viðurlagaákvæði er til staðar í gildandi lögum. Því er lagt til að nýjum staflið um þetta atriði verði bætt við 1. mgr. 103. gr. Varðandi seinni breytinguna skv. b-lið frumvarpsins vísast til skýringa við 11. gr.

Ekki þykir þörf á að skýra efni c-liðar lið fyrir lið. Verknaðarlýsing brota tekur nú sjálfstætt og með skýrari hætti til allra ákvæða VII. kafla fjölmiðlalaga skv. 44.–47. gr. þeirra. Aðrar málsgreinar 103. gr. laga um fjarskipti, sem eru eftirfarandi þessari nýju málsgrein, hafa áhrif á túlkun og beitingu sektarheimildar vegna brota á ákvæðum VII. kafla fjölmiðlalaga.

Um 13. gr.

Ákvæðið leggur til heimild til innleiðingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 611/2013 um ráðstafanir sem gilda um tilkynningar um brot er varða persónuupplýsingar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti. Um er að ræða gerð sem var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn.

Um 14. gr.

Hér er um að ræða fyrirætlun um að innheimta auðlindagjöld fyrir tíðniafnot. Vísað er til umfjöllunar um gjöld fyrir tíðniafnot í kafla 3.2.1. Skv. 3. mgr. er lagt til að opinberir aðilar greiði fyrir tíðnisvið skv. 1 mgr. í samræmi við aðra markaðsaðila. Þá er tryggt í 4. mgr. að ákveði ráðherra að fram fari uppboð á tíðnisviðum skuli sú fjárhæð sem kemur fram í 1. mgr. ákvæðisins vera lágmarksboð. Er það gert til að koma í veg fyrir að tíðnisvið fari ekki á undirverði.

Um 15. gr.

Breytingum á 5. mgr. 20. gr. laga um Fjarskiptastofu er ætlað að auka skýrleika varðandi ákvörðun málskostnaðar fyrir úrskurðarnefnd. Í gildandi ákvæði er ýmist talað um gjald vegna

málskots eða málskostnað og skilin þar á milli eru ekki fullljós. Lagt er til að umfjöllun um málskotsgjald falli brott, en í stað þess komi skýrari texti um ákvörðun málskostnaðar, sem getur innifalið tiltekinn kostnað nefndarinnar af meðferð máls. Meginreglan verður eftir sem áður að sá sem tapar máli í meginatriðum greiðir málskostnað sem er kostnaður nefndarinnar við meðferð á viðkomandi máli og sama gildir ef kæru aðila er vísað frá. Úrskurðarnefnd getur einnig kveðið á um skiptingu málskostnaðar ef aðili tapar máli að hluta. Ákvæðið hefur einnig að geyma heimild til að fella málskostnað á ríkissjóð ef aðili sem tapar máli er óhagnaðardrifinn málsvari viðkvæmra þjóðfélagshópa eða samfélagslega mikilvægra mála.

Um 16. gr.

Hér er um að ræða fyrirætlun um að gera tilteknar breytingar á árgjöldum fyrir tíðniafnot. Ekki þykir þörf að skýra orðalag ákvæðisins, en vísað er til umfjöllunar um gjöld fyrir tíðniafnot í kafla 3.2.2.

Um 17. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa en hefur tengsl við 12. gr. frumvarpsins. Sjá einnig skýringar í kafla 3.6.

Um 18. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að nauðsynlegt er að fresta gilditöku 7. gr. til 1. apríl 2027 til að veita ráðherra svigrúm til að setja reglugerð um skimun tölvupósta og smáskilaboða.